



Æskulýðsstarf hestamannafélagsins Funa, Eyjafjarðarsveit

Árið 2021 var með svipuðu sniði og fyrra ár þar sem covid 19 hafði lítil áhrif á sumarstarfið að öðru leiti en því að ekki var teymt undir á sumardegnum fyrsta né handverkshátíð, frekar en í fyrra. Nefndin fundaði 16. maí og lagði línurnar fyrir komandi starfsár. Sumarið hófst með TREC námskeiði í júní og í framhaldinu TREC keppni fyrstu helgina í júlí. Við fengum svo Þorstein Björnsson reiðkennara til að koma og halda reiðnámskeið 19. - 20. júní og 30. júní - 1. júlí. Æskulýðsdagar Norðurlands voru á sínum stað 16. - 18. júlí og reiðnámskeið fyrir byrjendur var 21.-23. júlí.

TREC



TREC starfið hjá Funa hefur heyrt undir æskulýðsnefnd þar sem lögð hefur verið áhersla á TREC fyrir yngri kynslóðina. Í sumar færðum við þó út kvíarnar og buðum upp á TREC námskeið fyrir alla aldurshópa, bæði fyrir byrjendur í TREC sem lengra komna. Námskeiðið var þannig upp sett að kennt var mánudaga og þriðjudaga (alls 6 skipti) í júní. Yfirleitt var kennt í 3ja manna hópum, 45 mín í senn og raðað var hópa þ.a. allir fengu sem mest út úr kennslunni. Ekki var nauðsynlegt að mæta í alla tíma námskeiðsins heldur var hægt að skrá sig í staka tíma og virtist sá sveigjanleiki gerði það að verkum að heildarþátttaka var mjög góð en um 20 knapar mættu í TREC kennslu í sumar. Helgina 3.-4. júlí var svo haldið TREC mót, opið öllum sem vildu taka þátt. Ekki náðu allir að taka þátt sem voru á námskeiðinu þar sem sumir voru að drífa sig annað í sumarfrí en heildarþátttaka á mótinu var samt um 20 knapar þar sem fleiri skráðu sig til leiks en þeir sem sóttu námskeiðið. Keppt var í tveimur styrkleikaflokkum óháð aldri en í báðum styrkleikaflokkum var keppt í öllum þremur greinum TREC; víðavangsráttleik, þrautabraut og hraðastjórnun á feti og stökki. Keppnin hentaði því ekki endilega þeim allra yngstu en það var undir foreldrum komin að taka ákvörðun um það. Eitt foreldri bað um að barnið sitt fengi að spreyta sig í þrautabraut án þess að taka þátt í hinum greinunum og gáfum við leyfi fyrir því. Auðvitað viljum við að sem flestir geti tekið þátt og því ekkert til fyrirstöðu í framtíðinni að leyfa knöpum einfaldlega að skrá sig í þær greinar sem það treystir sér í. Til að eiga möguleika á að lenda í verðlaunasæti þarf hins vegar að taka þátt í öllum greinunum. Margir sjálfboðaliðar komu að því að halda mótið og eiga þau þakkar skildar fyrir framlag sitt og þolinmæði en við höfum aldrei haldið svona stórt TREC mót áður og margt sem þarf að bæta fyrir næsta ár!

Reiðnámskeið með Þorsteini Björnssyni

Steini Björns kom og hélt námskeið hjá okkur fyrir unglinga, ungmenni og fullorðna. Fólk á öllum aldri og getustigi er alltaf jafn ánægt eftir að fá einkakennslu hjá Steina og því mjög dýrmætt fyrir okkur að

fá hann til okkar á Melgerðismela. Kennt var í 30 mín. einkatímum og fóru flestir tímar fram inni í reiðskemmunni okkar Melaskjóli en einhverjir færðu sig út á völl til að fá leiðbeiningu þar einnig. Um var að ræða tvö og tvö skipti með 10 daga millibili sem gefur frábært tækifæri á að æfa sig milli kennslulota, fyrir þá sem nýta sér alla dagana.

Æskulýðsdagar Norðurlands



Æskulýðsdagarnir okkar eru án efa stærsti viðburðurinn sem nefndin tekur sér fyrir hendur en þá þurfa allir að taka höndum saman til að setja saman dagskrá sem nær yfir heila helgi, þriðju helgina í júlí. Fyrirkomulagið var með svipuðu sniði og venjulega. Ratleikur á hestum á föstudagskvöldinu þar sem skipt var í lið sem þurftu að leysa ýmsar þrautir, m.a. setja saman reiðtygi, leita að ávöxtum í skóginum og svara hestatengdum spurningum. Laugardagurinn byrjaði á þrautabraut sem haldin var á TREC svæðinu okkar. Um miðjan dag var svo farið í fjölskyldureiðtúr og borðað nesti sem kom með trússbílnum. Kvöldið endaði með grillveislu og svo var gerður pínulítill eldur til að grilla sykurpúða og að lokum tekið duglega á því í lögggu og bófa í skóginum. Vegna þurrka var ekki þorandi að tendra alvöru varðeld líkt og hefð hefur verið fyrir og bíður eldiviðurinn okkar bara þar til næst. Sunnudagurinn byrjaði á keppnisgrein sem fram fór í reiðskemmunni og snerist um að safna saman hringjum sem búið var að raða á tunnur meðfram sporaslóðinni. Markmiðið var að vera sem fljótastur að safna saman öllum hringjunum en tími tapaðist fyrir hvern hring sem ekki var komið með í mark. Helgin endaði svo á frjálsslegri hringvallarkeppni með útsláttarfyrirkomulagi, þ.a. það var eitthvað við allra hæfi þessa helgi. Öllum félögum á Norðurlandi er boðið að taka þátt í þessari helgarskemmtun, allt krökkunum að kostnaðarlausu, en fyrirtæki á Akureyri hafa styrkt okkur um

verðlaun. Þátttaka þetta árið var frábær og komu krakkarnir að þessu sinni frá Funa, Létti og Þjálfu.



Byrjendareiðnámskeið

21. – 23. júlí var haldið ókeypis reiðnámskeið fyrir byrjendur, og var það vel sótt að vanda. Meðalaldur þátttakenda var óvenju lágur en hestunum finnst það oft bara betra og allt gekk þetta ljómandi vel og allir enduðu námskeiðið á stuttum reiðtúr innan girðingar. Litlu mátti muna að hestarnir kipptu nokkrum nemendum af baki þegar feta þurfti yfir nokkur girnileg strá og hestarnir ákváðu að grípa tækifærið til að ná sér í bita. En það slapp nú til og stoltir knapar sem sneru heim aftur og pössuðu sig að halla sér vel aftur á bak þegar farið var yfir sama grasblett á leiðinni heim!



Við erum mjög þakklát fyrir hvað starfið hefur gengið smurt fyrir sig þrátt fyrir covid faraldurinn því nú höfum við tvö ár í röð náð að halda starfinu okkar gangandi án nokkurra takmarkana og ekki þurft að hætta við neitt eða fresta neinu. Það er því greinilegt að tímasetningar okkar æskulýðsstarfs henta vel á þessum skrítnu tímum þar sem erfitt er að skipuleggja viðburði og krossleggjum við fingur að þetta gangi áfram svona vel hjá okkur!

Fyrir hönd barna- og unglingaráðs Funa
Anna Sonja Ágústsdóttir, formaður nefndarinnar.

Barna- og unglingaráð Funa er þannig skipað 2020-2021:



Anna Sonja Ágústsdóttir, Hólum, formaður
Ágúst Máni Ágústsson, Stekkjarflötum
Gunnhildur Erla Þórisdóttir, Rifkelsstöðum
Kristín Thorberg, Litla-Dal
María Damalee, Stekkjarflötum